

Dýrið í mér

Lýsing á verkefni

Í þessu verkefni er samþætting myndlistar við heimspeki og náttúrufræði. Verkefnið byggir á grundvallaratriðum sjónlista þar sem unnið er með tvívítt og þrívítt form, liti, áferð, ljós og skugga. Nemendur velja sér dýr sem þeim finnst líkjast sér með einum eða öðrum hætti eftir að hafa búið til hugarkort og kynnt sér eiginleika dýra. Dýrið er síðan mótað í leir eða pappamassa. Lögð áhersla á að nemandinn öðlist færni í að útfæra hugmyndir sínar. Nemendur læra að móta í leir og forma með álpappír og pappamassa. Nemendur læra að nota algeng verkfæri sem tengjast leir auk þess sem þeir læra grundvallaratriði í mótun hvort sem það er að móta í leir eða pappamassa. Í þessu verkefni er lögð áhersla á sköpun og flæði og að nemendur læri að tjá sig með aðferðum lista. Nemendur læri að útfæra hugmynd sína frá teikningu eða skissu yfir í þrívítt form auk þess fá þeir þjálfun í að útskýra verkin sín fyrir samnemendum og kennurum. Nemendur fá einnig þjálfun í að búa til hugarkort þar sem notaðar eru aðferðir heimspekinnar auk þess sem þeir fræðast um eiginleika dýra.

Fyrir hvern

Þetta námsefni er hugsað fyrir nemendur í 8-10 bekk.

Kennslustundir

5x40 mínútur

Kennslu- og námshættir

Við byrjum tímann á að kynna okkur fyrir nemendum og kynnast þeim örlítið. Leggjum nöfnin þeirra á minnið. Því næst verðum við með stutta innlögn um verkefnið og þau efni og þær aðferðir sem við hyggjumst nota. Kennslan byggist að mestu á sýnikennslu og einstaklingsmiðaðri kennslu eins og við á miða við aðstæður. Við leggjum áherslu á rétt vinnubrögð við vinnu í leir eða pappamassa og að nemendur læri að dvelja í andartakinu og

njóta vinnunnar því að sköpunarferlið skiptir ekki síður máli en afrakstur verksins. Við reynum að undirbúa kennslustundina þannig að allt efni sem þarf í verkefnið sé klárt þegar nemendur mæta. Þegar 5-10 mínútur eru eftir af kennslustund fá nemendur tækifæri til að tjá sig um verkin sín og spyrja spurninga ef eitthvað er óljóst.

Hæfniviðmið

Hluti af því að undirbúa kennslu er að ákveða og leiða hugann að því hvernig við hyggjumst meta námið. Hvernig leggjum við mat á hvernig til hefur tekist og hvort nemandi hefur náð tókum á þeim hæfniviðmiðum sem við lögðum upp með. Við teljum mikilvægt að hæfniviðmið séu skýr og að tilgangur kennslunnar og námsins sé öllum ljós.

Að nemendur geti:

- Unnið með mismunandi efni
- Unnið með mismunandi liti og áferð
- Útfært tvívítt verk í þrívítt form
- Sýnt frumkvæði og þor, gert tilraunir í verkefninu
- Valið og beitt viðeigandi aðferðum og tækni
- Gert grein fyrir helstu hugtökum sem tengjast viðfangsefninu eins og að þekkja muninn á tvívíðu og þrívíðu formi, þekki hugtök eins og: sjálfsmynd, eiginleikar, samsama, áferð, undirtónn og yfirborð
- Sýnt ábyrga og örugga umgengni við vinnu og frágang á vinnusvæði (nemendur meta sjálfir með sjálfsmati þar sem kennsla fer fram á Teams)
- Fjallað um eigin verk og verk annara í virku samtali við aðra nemendur

Kennsluaðferðir

Innlögn og sýnikennsla þar sem verkefnið er útskýrt fyrir nemendum á Teams eða Zoom og með vendikennslu. Að öðru leyti er kennslan einstaklingsmiðuð og aðlöguð aðstæðum.

Námsgögn

Leir, áhöld, álpappír, veggfóðurslím, penslar, akríllitir, penslar, pappír, ritföng og dagblöð

Námsmat

Við námsmatið munum við safna markvisst upplýsingum um frammistöðu nemenda meðan á náminu stendur. Eftir verkefnið er gagnlegt að hver nemandi geri sjálfsmat og skráir hjá sér hvað hann lærði af verkefninu. Að öðru leyti munum við meta verkefni nemenda út frá virkni í tíma, vinnubrögðum og færni. (Sjá hæfniviðmið hér fyrir ofan). Við endurgjöf styðjumst við auk þess við eftirfarandi:

(A) Sýnt frumkvæði og þor af öryggi, gert markvissar tilraunir í verkefninu og valið og beitt mjög vel viðeigandi aðferðum og tækni.

(B) Sýnt allnokkuð frumkvæði og þor, gert þónokkrar tilraunir í verkefninu og valið og beitt nokkuð vel viðeigandi aðferðum og tækni.

(C) Sýnir lítið frumkvæði og þor, gerir sjaldan tilraunir í verkefninu og valið og beitt sjaldan viðeigandi aðferðum og tækni.

Sjálfsmat nemenda

Hvernig fannst þér verkefnið ganga?

- Mjög vel
- Vel
- Sæmilega
- Ekki vel

| | | | | |
|---|--|--|--|--|
| Hvernig stóð ég mig í að nýta mér hugarkortið og skissur? | | | | |
| Hvernig stóð ég mig í að vinna sjálfstætt? | | | | |
| Hvernig tókst mér til við að tileinka mér hugtök við gerð hugarkorts og í vinnslu með leir og pappamassa? | | | | |
| Lagði ég mig allan fram í að vanda til verka? | | | | |
| Hvernig stóð ég mig í að tala um og rökstyðja verkin mín? | | | | |

Fyrirkomulag kennslu

| Fyrsta kennslustund á Teams |
|---|
| <p>Við byrjum tíman á að kynna okkur fyrir nemendum og kynnst þeim örlítið. Leggjum nöfnin þeirra á minnið. Því næst verðum við með stutta innlögn um verkefnið og þau efni og þau áhöld sem nemendur þurfa að hafa til staðar fyrir næstu kennslustundir og þær aðferðir sem við hyggjumst nota. Allt efni sem nemendur þurfa í þetta verkefni fá þeir í skólanum.</p> <p>Kennslan byggist að mestu á sýnikennslu og einstaklingsmiðaðri kennslu á Teams eins og við á miða við aðstæður. Þegar 10 mínútur eru eftir af kennslustund fá nemendur tækifæri til að tjá sig um verkefnið og spyrja spurninga ef eitthvað er óljóst.</p> |

| Önnur kennslustund | Viðfangsefni | Efni áhöld |
|--------------------|---|------------------------|
| 5 mínútur | Innlögn kennara | |
| 30 mínútur | Nemendur byrja að búa til hugarkortin og skoða mismunandi dýr og eiginleika þeirra. | Pappír, ritföng, litir |
| 5 mínútur | Samræður um hugarkortin Nemendur fá það verkefni að teikna dýrið sem varð fyrir valinu heima | |

Nánar um innlögn kennara á kynningu á hugarkorti í kennslustund:

Kynnt verður fyrir nemendum forritið miro.com. Það er valkvæmt hvort nemendur nýti sér það eða teikna hugarkortið á blað. Nemendur fá nokkra kveikjur til að skoða þegar hugarkort eru gerð. Hugarkortin vinna nemendur í öðrum tíma og út frá þeim teikna nemendur mynd af því dýri sem þeir völdu sér og reyna að draga fram þau atriði úr hugarkortinu í dýrið sitt, eins og til dæmis líkamstöðu eða hvort dýrið horfir niður eða til himins. Sem dæmi: Er dýrið lítil mús sem læðist eða ljón sem er stolt og ráðríkt?

| Þriðja kennslustund | Viðfangsefni | Efni áhöld |
|---------------------|--|---|
| 5 mínútur | Innlögn kennara | |
| 30 mínútur | Nemendur byrja að móta dýrið sem varð fyrir valinu út frá teikningu. Nemendur velja hvort þeir móta í leir eða pappamassa. | Leir, svampar, úðabrúsar, skynur. Álpappír, veggfóðurslím, málningarlímband, dagblöð |
| 5 mínútur | Spurningar, samræður og frágangur Nemendur hvattir til að halda áfram að móta heima milli kennslustunda | |

| Fjórða kennslustund | Viðfangsefni | Efni áhöld |
|---------------------|---|---|
| 5 mínútur | Innlögn kennara | |
| 30 mínútur | Nemendur halda áfram að móta dýrið með leiðsögn kennara á teams. Þeir sem eru búnir að móta dýrið geta byrjað að mála | Leir, svampar, úðabrúsar, skynur. Álpappír, veggfóðurslím, málningarlímband, dagblöð. Akríllitit og penslar. Einnig er gott að nota þurrkara til að flýta fyrir þornun. |
| 5 mínútur | Samræður um verkefnið og frágangur Nemendur eru hvattir til að vinna heima á milli kennslustunda | |

| Fimmta kennslustund | viðfangsefni | Efni áhöld |
|---------------------|---|---|
| 5 mínútur | Innlögn kennara | |
| 30 mínútur | Nemendur klára að móta dýrið og mála með leiðsögn kennara á teams eða zoom. | Leir, svampar, úðabrúsar, skynur. Álpappír, veggfóðurslím, málningarlímband, dagblöð. Akríllitit og penslar. Einnig er gott að nota þurkara til að flýta fyrir þornun. |
| 5 mínútur | Samræður um verkefnið og frágangur | |

Rökstuðningur

Verkefnið okkar “Dýrið í mér” kemur inn á nokkra þætti í grunnþáttum menntunar svo sem læsi, heilbrigði, velferð og sköpun. Með því að fá nemendur til að skoða sig og gera hugarkort hvetjum við nemendur til sjálfsvitundar sem felur í sér að nemendur þekki eigin tilfinningar, þekki sínar sterku og veiku hliðar og séu tilbúnir að tjá þær með aðferðum lista. Við lítum svo á að í því felist góð sjálfstyrking auk þess sem nemendur vinna með styrkleika sína og áhugamál og yfirfæra yfir á sitt uppáhalds dýr eða það dýr sem þau samsama sig við.

Meginmarkmið læsis er að nemendur séu virkir þátttakendur í að umskapa og umskrifa heiminn með því að skapa eigin merkingu og bregðast á persónulegan og skapandi hátt við því sem þeir lesa með hjálp þeirra miðla og tækni sem völ er á (Aðalnámskrá grunnskóla, 2011, bls.19). Í þessu verkefni læra nemendur að lesa í mismunandi efnivið auk þess sem

verkefnið kallar á stafrænt læsi. Einnig þurfa nemendur að skoða sig sjálf í gegnum til dæmis tilfinningalæsi, líkamslæsi og myndlæsi.

Á þessu námskeiði læra nemendur að búa til hugarkort með því að nota forritið “miro.com” o Nemendur læra um tvívítt- og þrívítt form og að vinna með fjölbreyttan efnivið eins og leir og pappamassa. Við teljum að það sé eflandi fyrir nemendur að hafa val um efnivið. Allt efni í þetta verkefni á að vera hægt að nálgast í skólanum en samkvæmt grunnskólalögum eiga nemendur í skyldunámi að fá námsgögum til afnota sér að kostnaðarlausu.

Kennsla fer fram á Teams. Við gerum ráð fyrir að flest ungmenni í dag hafi aðgang að tölvum. Með því að kenna í fjarkennslu og vendikennslu erum við að undirbúa nemendur fyrir þátttöku í flóknu samfélagi sem krefst þess að þeir þjálf almenna námshæfni til að takast á við ýmis verkefni í framtíðinni (Aðalnámskrá grunnskólana, 2013). Samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla kallar grunnþátturinn sköpun á fjölbreyttar kennsluaðferðir og vinnubrögð. Sköpun er að uppgötva, njóta, örva forvitni og áhuga, virkja ímyndunarafli og leika sér með möguleika. Sköpun er að sjá fyrir það óorðna og framkvæma það.